



## Stjórnarfundur 2 Þriðjudaginn 20. ágúst 2013 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Dagbjört Víglundsóttir, Kristján Geir Guðmundsson og Mundína Ásdís Kristinsdóttir.

Afboð og mættu ekki: Brynja María Ólafsdóttir og Hreggviður Norðdahl.

### Dagskrá

- Mótamál
- Landsliðsmál (unglinga)
- Evrópuþing og mótshald
- Smáþjóðaleikar 2015 – haustmót í Frjálsíþróttahöll
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Mótamál

- Farið yfir fundargerð mótanefndar og hún samþykkt. Bikarkeppnin í blaki rædd og ákveðið að mótin færu fram á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Sævari falið að ræða við KA og Stjórnuna vegna mótanna.
- Haustmót BLÍ í Frjálsíþróttahöllinni. Mótanefnd samþykkti að BLÍ og Þróttur R myndu sjá um það mót. Stjórn samþykkti það einnig en mótið er notað til að sjá endanlega út hvort hægt sé að spila þarna á Smáþjóðaleikunum 2015. Sævari og framkvæmdanefndinni falið verkefnið.
- Árs- og uppskeruhátíð BLÍ: Tvær umsóknir bárust, frá Þrótti R og HK. HK var falið að sjá um lokahófið að þessu sinni.

#### Landsliðsmál

- Farið yfir verkefnið sem eru framundan, U19 fer til Íkast 14.-18. október. Þjálfarar að velja hópa og æfingar verða í lok ágúst og byrjun september. Landsliðsnefnd sér um að fá starfsmenn í ferðirnar.
- Landsliðsnefndin ræðir um framhaldið í þjálfaramálum fyrir sambandið.
- Árangur strandblaklandsliða unglunga rædd, formaður BLÍ tók á móti nýkrýndum Norðurlandameisturum með blómum á Keflavíkurlugvelli þegar liðin komu heim 15. ágúst.
- Önnur strandblakmál voru rædd og Jasoni og Sævar falið að ræða við strandblaknefnd (Einar og Kalla) um samstarf BLÍ og nefndarinnar.

#### Evrópuþing og mótshald

- Jason fer á Evrópuþing í september. Þar sækir hann jafnframt fundi SCD og NEVZA. Samstaða var um á stjórnarfundum að sækja um að halda undanriðla fyrir kk og kvk næsta vor.
- Einnig var rætt um að taka að okkur U19 mót í strandblaki næsta sumar, það sama og var í Noregi í ár.
- NEVZA samstarfið var rætt lítillega og spurningar vöknudu um hvert það stefndi. Léleg þátttaka í U19 undanfarin ár er t.d. eitthvað sem þarf að ræða á fundum erlendis sem Jason sækir.

#### Smáþjóðaleikar 2015

- Sævar fór yfir nefndarskipan í Framkvæmdanefnd fyrir Smáþjóðaleikana 2015. Hrafnhildur Theódórsdóttir, Grétar Eggertsson, Heiðbjört Gylfadóttir, Einar Sigurðsson og Dagbjört Víglundsóttir.

## Önnur mál

- Agareglur BLÍ voru til umræðu og þörfina á að klára þær reglur og koma þeim í framkvæmd. Jason vinnur í textabreytingum og stefnt er að því að kynna þetta fyrir forsvarsmönnum á formannafundi í haust.
- Talað um stofnun útbreiðslunefndar og hlutverk hennar. Ekki hefur tekist að manna nefndina ennþá og Aðalsteinn hefur sagt sig úr sem formaður. Jason mun funda með yngriflokkaneftnd til að leggja línur um framhaldið.
- Sagt frá því að Lárus Blöndal sé nú orðinn forseti ÍSí eftir andlát Ólafs E. Rafnssonar, forseta ÍSí.
- Fjölmiðlafundur fyrir blakdeildirnar í hreyfingunni – umræða á formannafundi
- Heimasíður fyrir öldungamót BLÍ og Strandblak.is. Sævari falið að hafa samband við Stefnu um að koma upp síðum fyrir þessa anga starfseminnar.
- Afreksbúðir BLÍ – rætt um að tímasetningin sé mjög óheppileg og ætti í raun að vera á haustin frekar. Skiptir gríðarlegu máli upp á landsliðsstarf BLÍ.
- Þjálfaranámskeið – við erum eftirá í þessum málaflokki og eitthvað þarf að fara að gerast. Mikil vöntun er á þjálfara í blakdeildum landsins.

*Fundi slitið kl. 18.00*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*